

Nd.

119. Frumvarp til laga

[59. mál]

um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorma, æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til kartöfluhnúðorma (*Heterodera rostochiensis*) og æxlaveiki (*Plasmodiophora brassicae*) í káljurtum. Ef aðrir næmir sjúkdómar gera vart við sig í matjurtum, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið þessara laga er að hindra útbreiðslu jurtasjúkdóma þeirra, er nefndir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd) til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Búnaðarfélag Íslands, framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann, og skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kostnað, er leiðir af störfum nefndarinnar, skal greiða úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans skulu hafa á hendi rannsókn á útbreiðslu sjúkdóma þeirra, er hér um ræðir, og gefa jurtasjúkdómanefnd jafnóðum skýrslu þar að lútandi. Þeir skulu jafnframt vera ráðunautar nefndarinnar um framkvæmdir í þessum málum og hafa eftirlit með því, að fyrirmælum hennar sé fylgt. Komi í ljós, að slíkt hafi verið vanrækt, skulu sérfræðingarnir tilkynna formanni nefndarinnar það tafarlaust. Formönnum búnaðarfélaga og ræktunarráðunautum er skylt að aðstoða sérfræðingana við eftirlitsstarfið.

III KAFLI

6. gr.

Jurtasjúkdómanefnd skal árlega ákveða, hvaða landssvæði skulu talin sýkt eða grunuð af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það.

7. gr.

Bannað er að rækta kartöflur í garðlöndum, þar sem vart hefur orðið kartöfluhnúðorms. Skal slíkum garðlöndum lokað með því að breyta þeim í tún. Bannað er að nota kartöflur úr sýktum görðum til útsæðis.

8. gr.

Bannað er að rækta eða ala upp káljurtir og aðrar jurtir af krossblómaætt í garðlöndum, þar sem æxlaveiki hefur orðið vart. Jafnframt er bannað að rækta þar aðrar jurtir til gróðursetningar eða útsæðis.

9. gr.

Bannað er að flytja kartöflur frá sýktum eða grunuðum landshlutum til ósýktra landshluta eða héraða.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins skal sjá um, að nægilegt magn af útsæðis-kartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Skytt er að geyma þær í sérstökum geymslum, algerlega aðgreindar frá öðrum kartöflum. Þurfi að flytja inn erlendar útsæðiskartöflur, skal í hvívetna fylgt fyrirmælum laga nr. 17 31. maí 1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

10. gr.

Á stöðum, þar sem kartöfluhnúðorms eða æxlaveiki í kálplöntum hefur orðið vart, skal þess gætt að sóttgreinsa öll jarðyrkjuverkfæri, sem notuð hafa verið í hinu sýkta landi, svo og uppskerugeymslur. Sóttgreinsunin skal framkvæmd eftir leiðbeiningum búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans.

Formenn búnaðarfélaga eða ræktunarráðunautar skulu hafa eftirlit með framkvæmd sóttgreinsana. Kostnað við eftirlit skal greiða úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðuneytis að fengnum tillögum jurtasjúkdómanefndar, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi framleiðandi.

11. gr.

Sérfræðingar búnaðardeildar skulu semja leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er lög þessi fjalla um, á hvern hátt sé unnt að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Jurtasjúkdómanefnd skal sjá um, að þessar leiðbeiningar svo og nákvæm skýrsla eða skrá um útbreiðslu sjúkdómanna á hverju tíma sé nægilega oft birt og send öllum framleiðendum kartaflna og káljurta.

Formenn búnaðarfélaga og ræktunarráðunautar kaupstaða skulu hver á sínu svæði tilkynna jurtasjúkdómanefnd heimilisfang þeirra, er rækta matjurtir þær, sem um ræðir í lögum þessum.

12. gr.

Nú kemur í ljós, að fyrirmælum laga þessara hefur ekki verið hlýtt, t. d. að settar hafa verið kartöflur í sýkt land eða sýktu landi ekki lokað, og skal þá jurtasjúkdómanefnd snúa sér til hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem þá hlutast til um, að úr verði bætt. Neiti framleiðandi að hlíta fyrirmælum laganna, skal hreppstjóri eða lögreglustjóri með aðstoð búnaðarfélagssformanns eða ræktunarráðunauts gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja ákvæðum laganna samkvæmt fyrirmælum jurtasjúkdómanefndar. Slíkar ráðstafanir skal gera á kostnað framleiðanda.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 10000.00.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn og nefndin í heild hefur óbundna afstöðu til frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð og fylgiskjal:

Kartöfluhnúðormar fundust fyrst hér á landi haustið 1953. Síðan hafa gróður-sjúkdómasérfræðingar atvinnudeildar háskólans á hverju sumri rannsakað útbreiðslu þeirra og hvaða tjóni þeir valda og leiðbeint um varnir gegn þeim. Hinir

örsmáu hnúðormar sjúga næringu úr rótum kartöflugrasanna. Við það dregur úr starfsemi rótanna og uppskeran verður rýr. Ormarnir geta auðveldlega borizt milli garða með kartöflum (einkum útsæði), mold og verkfærum. Þeir lifa mörg ár í moldinni, ef þeir á annað borð komast í garðana, og fjölga ár frá ári, ef haldið er áfram að rækta kartöflur. Verður uppskeran að lokum nær engin. Erlendis eru hnúðormar taldir einhver versta kartöflupestin. Eina örugga varnarráðið er að leggja smitaða kartöflugarða niður og helzt breyta þeim í tún og loka landinu þannig. Sé þetta gert, er enn þá hægt að útrýma kartöfluhnúðormunum hér á landi.

Kartöfluhnúðormarnir hafa fundizt á þessum stöðum: Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Grindavík, Keflavík, við Garðskagavita, Eyrarbakka, Stokks-eyri, Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, á nokkrum bæjum undir Eyjafjöllum, í Meðal-landi, að Grafarbakka og Reykjabóli í Hreppum, Múla í Landsveit, Ólafsvík, við héraðsskólann á Reykjanesi við Djúp, að Hrafnagili við Eyjafjörð, Bjarnarflagi við Mývatn og að Bakka og Ærlækjarseli í Kelduhverfi.

Kálæxlaveiki er illræmdur sveppasjúkdómur, sem veldur vörtukenndum æxlum á rótum káls og rófna og getur eyðilaggt uppskeruna. Veikin er mjög smitandi og getur haldizt í moldinni í mörg ár. Mest er um veikina í Hveragerði, Laugarvatni, Hvammi í Hrunamannahreppi og grennd, Reykjum í Biskupstungum og Vestmanna-eyjum. Veikin berst einkum með káljurtum til gróðursetningar úr sýktum uppeldis-reitum og hefur aðallega dreifzt þannig hér á landi. Sýkt mold, verkfæri og búfjáraburður undan gripum, sem étið hafa sýkt kál eða rófur, er einnig smitandi. Hætta þyrfti allri kál- og rófnarækt á smituðum svæðum, og má alls ekki undir neinum kringumstæðum láta af hendi káljurtir til gróðursetningar úr smitaðri mold. (Kalk og fleiri efni draga nokkuð úr æxlaveiki, en moldin er smituð eftir sem áður.) Enn er fært hér á landi að útrýma æxlaveikinni.

Með frumvarpinu er stefnt að útrýmingu framangreindra jurtasjúkdóma, og verða ákvæði þess nokkru róttækari en ef einungis hefði átt að draga úr útbreiðslu þeirra og draga úr tjóni. Að öðru leyti hlutu ákvæði og aðgerðir að verða mjög hliðstæðar, hvor stefnan sem tekin væri.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1.—4. gr.

Fyrstu fjórar greinar frumvarpsins eru um skipulag, stjórn og framkvæmdir. Eðlilegast virðist, að þær stofnanir (Búnaðarfélag Íslands, framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands), sem nefndar eru í 4. gr., tilnefndu sinn manninn hver í framkvæmdanefnd (jurtasjúkdómanefnd), sem landbúnaðarráðherra skipaði og jafnframt að hann skipaði einn nefndarmanna framkvæmdastjóra.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sérfræðingar búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans hafi á hendi rannsóknir á sjúkdómum og útbreiðslu þeirra og gefi framkvæmdanefnd jafnóðum skýrslu um þær. Það fyrirkomulag er talið hagkvæmara heldur en að sérfræðingur frá deildinni væri í framkvæmdanefndinni.

Um 6. gr.

Hér er jurtasjúkdómanefnd falið að ákveða, hvaða landssvæði skulu talin sýkt eða grunuð af kartöfluhnúðormi eða æxlaveiki í kálplöntum, og gefa út tilkynningu um það. Er það gert til þess, að hægt sé að fá í tæka tíð vitneskju um, hvaða garða beri að leggja niður og hvar óhætt sé að taka útsæði til dreifingar.

Um 7. og 8. gr.

Hér eru ákvæði um bann við ræktun kartafna og káljurtu í sýktum garðlöndum og hvernig með þau skuli fara. Þar sem kartöfluhnúðormur finnst, er nauðsynlegt að breyta garðlandi í tún til að fyrirbyggja smitun frá því. Þar sem æxlaveiki

finnst, er talið nægja að hætta ræktun káljurta og hætta þar jafnframt ræktun annarra jurta til gróðursetningar og útsæðis.

Um 9. gr.

Greinin bannar flutning kartaflna af sýktum og grunuðum svæðum til ósýktra héraða. Er þar jafnframt sú skylda lögð á herðar Grænmetisverzlunar landbúnaðarins að sjá um, að nægilegt magn af útsæðiskartöflum verði framleitt á ósýktum svæðum. Í þeirri grein eru einnig fyrirmæli um aðgreiningu á kartöflum í geymslurúmum.

Um 10. gr.

Hér er rætt um sóttþreinsun á geymslum og jarðyrkjuverkfærum, sem notuð hafa verið í sýktu landi. Er ætlað til, að ræktunarráðunautar hafi eftirlit með slíkum sóttþreinsunum, þar sem þeir eru til staðar, en annars formenn búnaðarfélaga. Rétt virðist, að þóknun fyrir eftirlit með sóttþreinsun verði greidd úr ríkissjóði, en annan kostnað, er af henni leiðir, greiði framleiðandi.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að samdar verði og sendar út til framleiðenda leiðbeiningar um, hvernig þekkja megi sjúkdóma þá, er frumvarpið fjallar um, og á hvern hátt helzt megi koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Er jurtasjúkdómanefnd falið að koma þeim leiðbeiningum til framleiðenda. Þess má geta að sérfræðingar búnaðardeildar hafa þegar samið leiðbeiningar um útrýmingu kartöfluhnúðorms.

12.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fyrirmæli norska landbúnaðarráðuneytisins um aðgerðir gegn kálæxlaveiki (*Plasmodiophora brassicae*).

1. gr.

Kálæxlaveiki verður að teljast hættuleg plöntum.

2. gr.

Bannað er að láta af hendi kál- og rófnaplöntur, sem aldar hafa verið upp í kálæxlasmitaðri mold.

3. gr.

Ef sannað þykir eða rökstuddur grunur er um, að mold í sáðreitum eða öðrum uppeldisreitum sé smituð af kálæxlaveiki, skal búnaðarfélag fylkisins leggja hann á sölu kál- og rófnaplantna frá þeim stað, þar til þeim aðgerðum, sem búnaðarfélagið hefur fyrirskipað, er fullnægt.

Búnaðarfélagið komi á því eftirliti, sem það álitur þörf á, til að sjá um, að fyrirskipaðar aðgerðir séu framkvæmdar.

4. gr.

Búnaðarfélagið getur skipað fyrir um moldarskipti eða sóttþreinsun moldar í æxlaveikismituðum reitum og gróðurhúsum og einnig í gördum, þar sem ala á upp kál- og rófnaplöntur til sölu, og getur bannað að bera á slíka jörð kálæxlasmitaðan búfjáraburð, og það getur einnig fyrirskipað að þvo jarðvinnsluverkfæri, áður en þau eru notuð á nefndum stöðum.

5. gr.

Hegningarvert er að bregða út af þessum fyrirmælum og fyrirskipunum, sem gefnar eru samkvæmt þeim.